

ALLT ATVINNA

Stútfullt blað af  
atvinnuauglýsingum

Atvinna

allt í MIÐJU BLAÐSINS



JÓHANN BACHMANN  
Flytur til Kaup-  
mannahafnar

Tekur bróður sinn með og ætlað í skóla  
FÓLK 38



16 bláðnúmer  
RE/MAX blað

Fasteignablað RE/MAX fylgir  
Fréttablaðinu á sunnudögum

RE/MAX

FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

17. september 2006 — 248. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAD Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## SUNNUDAGUR

Hákarladjobb Eyjólfs  
Sverrissonar

„Áðalatriðið er að  
maður sé samkvæm-  
ur sjálfum sér og  
leggi sig fram á því  
sem maður er  
að gera. Þá  
er maður  
sáttur.“



VÍDTAL 16

Nató hefur breyst en  
herinn ekki

Kristján L. Guðlaugsson  
var aðeins nítján ára þegar  
hann samdi „Ísland úr  
Nató“ fyrir tæplega  
40 árum.

FÓLK 20

Virkjum kennarana

„Ríkið rekur Námsgagnastofnun，“  
segir Illugi Gunnarsson. „Þetta er  
miðstýringarkerfi sem á að heyra  
sögunni til.“

Í DAG 10


Stórt tap

Íslenska kvennalandsliðið í  
körfuknattleik steinlá  
fyrir Norðmönnum í  
fyrra A-landsleik  
kvenna sem  
fram fer hér  
á landi.

ÍPRÓTTIR

34

VEDRIÐ Í DAG



RIGNING EÐA SKÚRIR - í dag  
verður austan strekkingur en heldur  
hvassara um tíma vestan til. Rigning  
eða skúrir. Hiti 8-14 stig, hlýjast  
suðvestan til.


VEDUR 4

Íslendingar 18-49 ára

Meðallestur á  
tölublað

67%

Mbl.



\*Samkvæmt fjölmáliðakonunni Gallup í maí 2006.

JÓHANN BACHMANN  
Flytur til Kaup-  
mannahafnar

Tekur bróður sinn með og ætlað í skóla  
FÓLK 38



MEISTARAR PRIÐJA ÁRIÐ Í RÖÐ FH-ingar tryggðu sér Íslandsmeistaratitilinn þriðja árið í röð í gær þegar þeir rúlluðu Víkingum upp, 4-0, á heimavelli sínum í Kaplakrikk. Daði Lárusson, fyrirliði FH, lyftir hér Íslandsbikarnum við mikinn fögnuð félaga sinna í FH-liðinu. Nánar síðu 30

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ábyrgðarleysi bílstjóra:  
Tvö börn í  
sama sætinu

LÖGREGLUMÁL Löggreglan í  
Hafnarfirði stöðvaði í gær mann  
sem var með tvö börn sín í  
framsætinu við hliðina á sér í  
sama öryggisbeltinu. Maðurinn  
ók nokkuð greitt eftir Reykjanes-  
brautinni en mældist þó ekki á  
ólöglögum hraða.

Að sögn varðstjóra löggreglunnar  
ar í Hafnarfirði getur það haft  
alvarlegar afleiðingar að vera  
með tvö börn í framsæti bifreiðar,  
í sama beltinu. „Það er  
einkennilegt að ökumenn skuli  
ekki áttu sig á því hvaða afleið-  
ingar ábyrgðarleysi af þessu tagi  
getur haft. Til dæmis getur snöggi  
hemlun valdið miklu heilsutjóni  
við þessar aðstæður.“ - mh

Pingkosningar í Svíþjóð:  
Úrslitin tvísýn

SVÍPJÓÐ Svíar ganga til þingkos-  
ninga í dag. Baráttan standur að  
mestu leytti á milli bandalags  
borgaraflokks og jafnaðar-  
manna. Seinustu skoðanakannanir  
bentu til þess að jafnaðarmenn, sem  
hafa setið við stjórnvölinn í tólf ár,  
töpuðu kosningunum naumlega.

Fari svo er líklegt að Fredrik  
Reinfeldt, forystumaður bandalags  
borgaraflokks, verði næsti  
forsætisráðherra Svíþjóðar.

- sþs

Dæmd fyrir fjárvígur:  
Það var engin  
súpa í mísinni

VIRGINÍA, AP Mæðgin hafa verið  
dæmd í árs fangelsi fyrir tilraun  
til fjárvígunar. Sonurinn hélt því  
fram að móðir sín hefði fundið  
mús í súpu sem hún neytti í  
Cracker Barrel-veitingastaðnum  
á mæðradaginn 2004.

Mæðginin reyndu að fá  
veitingahúsakeðjuna til að greiða  
sér hálfu milljón dollara, tæpar  
35 milljónir króna, í skaðabætur.

Veitingastaðurinn kærði  
mæðginin eftir að mísun var  
krufin, en þá kom í ljós að engin  
súpa var í lungum múrsarinnum né  
hafði mísun verið soðin. Mæðginin  
munu hafa komið með dýrið að  
heiman.

- kóp

## Saka stjórn um valdníðslu

Organistanum í Skálholti hefur verið sagt upp störfum. Stjórn Skálholts boðaði breytingar án samráðs við sóknarnefnd. Óskiljanlegar og órókréttar breytingar, segir prófessor í guðfræði við Háskóla Íslands.

KIRKJUMÁL Organistanum í dómkirkjunní í Skálholti, Hilmari Erni Agnarssyni, hefur verið sagt upp störfum eftir fimmtán ára starf í Skálholti. Skipulagsbreytingar hafa verið boðaðar í Skálholti en sóknarnefndin á staðnum hefur gert athugasemdir við breytingarnar, sem stjórn Skálholts hefur boðað einhliða. „Innan sóknarnefndarinnar eru gerðar athugasemdir við það að sóknarnefndirnar hér í héraði hafi ekki verið hafðar með í ráðum þegar unnið var að þessum skipulagsbreytingum,“ sagði Ingólfur

Gudnason, formaður sóknarnefndar Skálholts, en mikil óángegja er með breytingarnar í Skálholti. Hilmari Órn hefur einnig starfað sem organisti í Haukadalskirkju, Bræðratungukirkju og Torfastaðakirkju en samkvæmt skipulagsbreytingum verður enginn starfandi organisti í þessum kirkjum eftir að uppsagnarfresti Hilmars Arnar lýkur, eftir þrjá mánuði. Skipulagsbreytingarnar hafa ekki verið ítarlega kynntar en Hilmari fékk uppsagnarbréf vegna breytninganna 14. september.

Pétur Pétursson, fyrrverandi rektor Skálholtskóla og núverandi prófessor í guðfræði við Háskóla Íslands, segir breytingarnar sem boðaðar hafa verið vera einkennilegar og til þess fallnar að valda harðvitugum deilum. „Eg harma það mjög að Hilmari Erni skuli hafa verið sagt upp störfum. Hann er afburða listamaður og hefur um árabil verið drifkraftur í tónlistarstarfi í sínu héraði. Mér finnst þessar breytingar, sem boðaðar hafa verið, fullkomlega óskiljanlegar og ég tel það óheppilegt fyrir

sóknirnar sem Hilmari Órn hefur þjónað að hann hverfi frá sínum stofnum.“

EKKI NÁÐIST Í Sigurð Sigurðarson, vígslabiskup og formann stjórnar Skálholts, en Halldór Gunnarsson stjórnarmaður beindi spurningum varðandi uppsögn Hilmars og skipulagsbreytingarnar til Sigurðar.

Hilmari Órn var ekki tilbúinn til þess að tjá sig um málið að svo stöddu en hann hefur þegar leitað sér lögfræðiaðstoðar vegna málins.

- mh



Bjarni, borgar það sig að trúá?

„Í heimi þar sem hótanir eru gjaldmiðill í samskiptum, kviðinn er viðurkennt norm og almenningur verður sifellt valdaminni er trúin á Jesú Krist sterkasta svar sem ég þekki.“

Séra Bjarni Karlsson, sóknarprestur í Lauganeskirkju, býður upp á samveru um áhrif trúar á kvíða. Hann segir ljóst að guðsþecking sé hagnýt.

Hlupu undan handrukcurum:  
Var á endanum skutlað heim

**LÖGREGLUMÁL** Tveir ungir karlmenn menn sáust á harða-hlaupum á Kjalarnei í fyrrinótt og var löggreglan kölluð til þar sem grunur lék á því að þeir væru að flýja af vettvangi glæps. Löggreglan kom fljótt á staðinn og komst að sannleikanum í málunum. „Mennirnir tveir, sem voru 22 og 17 ára gamlar, voru keyrðir til síns heima en þeir voru á flóttu undan ofbeldismónnum. Líklegt má telja að svokallaðir handrukkarar hafi verið að eftir þessum ungu mönnunum,“ sagði Sigurbjörn Jónsson, varðstjóri í löggreglunni í Reykjavík.

Erilsamt var hjá löggreglunni í Reykjavík í fyrrinótt en tíu gisti í fangageymslum löggreglu vegna óláta og skemmdarverka. - mh

Bilun í ljósleiðarakerfi Símans: Misstu sam-band við skipin

**LJÓSLEIÐARI** Landhelgisgæslan og tilkynningaskylda skipa var án sambands við skip út fyrir Norðurlandi í meira en 15 klukkustundir í gær vegna bilunar sem kom upp í ljósleiðarakerfi Símans á Laugabakka.

Að þessu tímabili náðust ekki sjónvarps- og útvartssendingar á Norður- og Austurlandi. Bilun olli töluverðum truflunum á ADSL-sambandi á Hvammstanga, Selfossi og Hveragerði auk þess sem útsendingar 365 miðla lágu niðri á Norðurlandi um tíma.

Tilkynningaskyldunni tókst að ná sambandi við öll skipin sem voru úti fyrir Norðurlandi í gegnum farsímakerfi. - mh



**ÆVINTÝRAMAÐURINN** Hafsteinn og félagar eru lagðir af stað til móts við ný ævintýri.

FRÉTTABLAÐID/RÓBERT

Hafsteinn skipstjóri á Eldingu:

**Siglir til móts við ný ævintýri**

**FERDALÖG** Hafsteinn Jóhannesson, skipstjóri á segluskútnni Eldingunni, er lagður upp í ferðalag um Atlantshafið sem ráðgert er að taki eitt ár. Hafsteinn er á ferð ásamt tveimur félögum sínum, þeim Daniel og Lars Royvik.

Ævintýri Hafsteins eru vel þekkt en hann sigldi Eldingunni einsamall hrингinn í kringum hnöttinn árið 1991. Hann kom aldrei í land þá áttu mánuði sem sú ferð stóð. Ætlunin er að koma við á Kanaríeyjum, í Brasilíu, eyjum í Karíbahafinu og í Bandaríkjum svo fátt eitt sé neft.

- shá

Tveir menn af Héraði keyrðu inn á Kárahnjúkastíflu og flöggudu í hálfu stöng:

## Mótmaeli á Kárahnjúkastíflu

**KÁRAHNJÚKAR** Tveir menn flöggudu íslenska fánanum í hálfu stöng á Kárahnjúkastíflu í gærmorgun og vildu með því mótmæla virkjuninni.

Mönnum var vísað á brott upp úr hádegi en að sögn Ómars R. Valdimarssonar, talsmanns Impregilo á Íslandi sem hefur yfirrumsjón með verkinu fyrir Landsvirkjun, verða mennirnir kærðir fyrir athæfið. „Vinna stöðvaðist á svæðinu í two klukkutíma og mennirnir sköpuðu hættu með því að keyra inn á stífluna þar sem stórvirkar vinnuvélar voru að stórfum,“ sagði Ómar.

Pórhallur Þorsteinsson, annar



PÓRHALLUR FLAGGAR Í HÁLFA Pórhallur Þorsteinsson sest hér flagga íslenska fánanum á Kárahnjúkastíflu í gær.

FRÉTTABLAÐID/PÓRHALLUR

mótmaelendanna og formaður ferðafélags Fljótsdalshéraðs, sagði andstöðu við virkjunarframkvæmdirnar hafa aukist umtalsvert. „Við höfum fundið fyrir því

að undanförnu að andstaðan við virkjanarframkvæmdirnar hefur aukist umtalsvert hér heima í héraði. Við vildum sýna með þessu að við heimamenn eru ekki allir hrifnir af þessum framkvæmdum.“

Sigurður Arnalds, talmáður Landsvirkjunar vegna Kárahnjúkavirkjunar, segir mennina ekki hafa skapað mikla hættu. „Öryggiseftirlitio gerði ekki miklar ráðstafanir en kallaði til lög-regluna sem kom á svæðið. En mennirnir fóru inn á framkvæmdasvæðið sem er erfitt og hættulegt vinnusvæði, og að því leytinu til skapaðist hættu.“ - mh

Hernaður í Afganistan:

## Ný sókn gegn talibönum

**AFGANISTAN, AP** Þúsundir bandarískra og afganskra hermannar höfuð í gær nýja sókn gegn talibönum í Afganistan. Samkvæmt bandaríksa hernum er markmið aðgerðarinnar að yfirbuga talibanska uppreisnarmenn og auka umsíði ríkisstjórnarinnar á hættusvæðum nálægt landamærum Pakistans.

Á sama tíma eru hersveitir Atlantshabsbandalagsins, með um tvö þúsund og fimm hundruð bandaríksa hermann innanborðs, að sækja fram í suðurhluta landsins. Fimm hundruð herskáir talibanan eru sagðir hafa fallið í þeim aðgerðum.

- sþs

Hlupu undan handrukcurum:

Var á endanum skutlað heim

**LÖGREGLUMÁL** Tveir ungir karlmenn menn sáust á harða-hlaupum á Kjalarnei í fyrrinótt og var löggreglan kölluð til þar sem grunur lék á því að þeir væru að flýja af vettvangi glæps. Löggreglan kom fljótt á staðinn og komst að sannleikanum í málunum. „Mennirnir tveir, sem voru 22 og 17 ára gamlar, voru keyrðir til síns heima en þeir voru á flóttu undan ofbeldismónnum. Líklegt má telja að svokallaðir handrukkarar hafi verið að eftir þessum ungu mönnunum,“ sagði Sigurbjörn Jónsson, varðstjóri í löggreglunni í Reykjavík.

Erilsamt var hjá löggreglunni í Reykjavík í fyrrinótt en tíu gisti í fangageymslum löggreglu vegna óláta og skemmdarverka. - mh

## Í átökum við mann með haglabyssu

Sérsvetir Ríkislöggreglustjóra yfirbugaði í fyrrinótt mann vapnaðan haglabyssu. Hann streittist á móti við handtökuna og þurfti löggreglan að beita harðræði. Vopnaburður ungmenna áhyggjuefni, segir formaður hverfisráðs Breiðholts.

**LÖGREGLUMÁL** Maður vapnaður haglabyssu lenti í átökum við líðsmenn sérsvetar Ríkislöggreglustjóra um þrjú leytíð í fyrrinótt. Tveir menn, annar þeirra vapnaður haglabyssu, voru á ferð skammt frá Fella- og Hólakirkju í Efra-Breiðholti í fyrrinótt og skaut maðurinn einu skoti úr byssunni niður í götuna þar sem þeir voru á göngu.

Löggreglan kallaði sérsvetina út um leið og ljóst var að maður vapnaður skotvopni væri á ferð. Þegar löggreglan kom á vettvang voru mennirnir á leið niður í Elliðarárdalinn þar sem löggreglan hafði upp á þeim og handtók þá.

Annar mannanna sýndi engan móþróa við handtökum en maðurinn sem var með haglabyssuna streittist á móti og þurfti sérsvet-armenn að beita manninn nokkurri hörku er þeir voru að yfirbuga hann.

Mennirnir eru enn í haldi lög-reglu og verða þeir yfirheyrðir á morgun. „Við erum enn að rannsaka þetta mál. Mennirnir eru í haldi auk þess sem við lögðum hald á vopnið sem annar mannanna var með,“ sagði Haraldur Sigurðsson, varðstjóri í rannsóknar-ardeild löggreglunnar í Reykjavík, í gær.

Guðlaugur Sværisson, formaður hverfisráðs Breiðholts, segir augljóst að vopnaburður sé sifellt að verða algengari meðal ungs fólk. „Fólk bregður við fréttir af þessu tagi. Því miður virðist það vera að aukast hjá ungu fólkum að það beri vopn. Í rauninni er það með ólfkindum hversu margar fréttir berast af fólkum sem hefur ógnað öðru fólkum með vopni. Á



SÉRSVEITIN VIÐ ÆFINGAR Sérsvetir Ríkislöggreglustjóra var kölluð út til þess að yfirbuga mann með haglabyssu í fyrrinótt. Hörkur þurfti að beita til þess að taka vopnið af mannum þar sem hann var ekki tilbúinn til þess að leggja niður vopn.

FRÉTTABLAÐID/STEFÁN



**GUÐLAUGUR SVÆRRISSON**  
Guðlaugur hefur áhyggjur af vaxandi vopnaburði meðal almennings.

bessu þarf vitanlega að taka því þetta skapar ónotatilfinningu hjá því um alls staðar á landinu.“

Stutt er síðan ráðist var á öryggisvörð við verslun Select í Breiðholti og hann stunginn með hnifi en löggreglan hafði upp á mönnunum sem áttu hlut að málí eftir að myndir, sem náðust í öryggismyndavél, voru gerðar opinberar. „Mál þar sem vopnaburður kemur við sögu hafa komið inn á bord löggreglu víða um land og það er nauðsynlegt að allir taki höndum saman til þess að taka á þeim vágesti sem vopnaburður er.“ magnush@frettabladid.is

Kjartan Ólafsson, fyrrverandi þingmaður, hefur ákveðið að kæra Þjóðskjalasafnið:

## Augljóst að jafnræðisregla var brotin

**SÍMHLERANIR** Kjartan Ólafsson, fyrrverandi þingmaður og formaður Sósíalistafélags Íslands, hyggst kæra Þjóðskjalasafnið fyrir að veita sér ekki aðgang að gögnum um símhleranir á árunum 1949 til 1968. Fréttablaðið hefur einnig óskað eftir því að fá að skoða gögnum en ekki fengið svar við skriflegri beiðni.

Kjartan sendi í júlímaðuði bréf til Þjóðskjalasafns þar sem hann bað um frjálsan aðgang að gögnum um Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur hefur rannsakað að hluta, og til vara óskaði hann eftir því að fá sams konar aðgang og Guðni hafði fengið. Vísaði Kjartan í bréfi sínu til þess að hann ætti aðild að málí þar sem hann var í forsvari fyrir tvær af

þeim skrifstofum sem hleraðar voru, samkvæmt rannsóknunum Guðna.

Kjartan segir Þjóðskjalasafnið augljóslega brjóta jafnræðisreglu með því að neita aðgangi að gögnum. „Ég á hagsmuna að gæta í þessu málí. Ég fékk svar frá safnini þar sem beiðni minni um aðgang var neitað. Ég skrifði þá nýtt bréf þar sem ég óskaði eftir því að fá sama rétt til þess að skoða gögnum og Guðni,“ segir Kjartan. Hann segir svarið við því bréfi hafa verið sérkennilegt. „Í bréfinu segir að það vanti reglugerð frá ráðuneytinu. Að minu mati er það svar algjörlega ófullnægjandi. Í bréfinu er síðan tekið fram að það hafi verið ákveðið, með innanhúsákvörðun, að veita



**ÞJÓÐSKJALASAFNIÐ** Forsvarsmenn Þjóðskjalasafnsins hafa ekki viljað veita aðgang að gögnum.

Guðna leyfi til þess að skoða gögnum en bæta síðan við að nú, með áherslu á það orð, sé búið að taka ákvörðun um að veita ekki aðgang að gögnum en ég er sannfærður um að starfsfólk Þjóðskjalasafns-

ins er ekki að taka þær ákvörðanir.“

EKKI NÁÐIST I ÓLAF ÁSGEIRSSON Þjóðskjalavörði í gær vegna málsins þrát fyrir ítrekaðar tilraunir.

- mh



ENNEAM / SIA / NM23403

# ÍSLENDINGAR, TÖKUM VEL Á MÓTI MAGNA

Magni er á heimleið og við ætlum að taka vel á móti honum  
í Vetrargarðinum í Smáralind á sunnudaginn.

Fjörið hefst klukkan 16.00 og kynnir verður Felix Bergsson.  
Landsþekktir tónlistarmenn magna upp stemninguna áður  
en Magni sjálfur stígur á svið með félögum sínum í Á móti sól.

Boðið verður upp á árituð plaköt með Magna.



GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadur	70,15 70,49
Sterlingspund	132,02 132,66
Evrar	88,97 89,47
Dönsk króna	11,923 11,993
Norsk króna	10,742 10,806
Sænsk króna	9,633 9,689
Japansk jen	0,5966 0,6000
SDR	103,67 104,29

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

23,0054

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Innbrot í sumarbústaði:  
Brutust inn og  
héldu partí

**LÖGREGLUMÁL** Brotist var inn í nokkrá sumarbústaði í Svíndal og við Húsafell í síðustu viku. Löggreglan í Borgarnesi fékk tilkynningu um innbrotin eftir að eigendur bústaðanna komu að þeim í misjöfnu ástandi.

Að sögn varðstjóra löggreglunar í Borgarnesi var frekar litlu stolið úr bústöðunum en svo virtist sem nokkur fjöldi fólks hafi skemmti sér í þeim. Innbrotin eru í rannsókn.

Þá stöðvaði löggreglan bifreið á föstudagskvöld vegna gruns um að fíkniefni væri að finna í bifreiðinni. Við leit fundust um tuttugu grömm af hassi en tveir menn um tvítugt voru í bifreiðinni og voru þeir á leið norður í land.

- mh

Prófessor á Bifrost:

**Vaxtahækkun-in er tímatöf**

**EFAHAGSMÁL** Lilja Mósesdóttir, prófessor við Háskólanum á Bifrost, segir að stýrvaxtahækkun Seðlabankans komi ekki á óvart þar sem ákvörðunin sé í samræmi við þróun vergrar landsframleiðslu á síðasta ári og verðbólgu.

Lilja telur að Seðlabankinn ætti að taka meira tillit til atvinnuprúnunar- innar. „Seðla- bankinn þyrti að sýna fram á að hann sé að afla upplýsinga um stöðuna í dag. Eina efnahagsaðgerðin í landinu er hækkuun stýrvaxta. Hún hefur takmörkuð áhrif og er tímatöf. Það þyrti meira aðhald varðandi tekjuhlíðina og hækka jafnvel skatta á þá tekjuhærrí,“ segir hún.

- ghs

LILJA  
MÓSESDÓTTIR

„Seðla- bankinn þyrti að sýna fram á að hann sé að afla upplýsinga um stöðuna í dag. Eina efnahagsaðgerðin í landinu er hækkuun stýrvaxta. Hún hefur takmörkuð áhrif og er tímatöf. Það þyrti meira aðhald varðandi tekjuhlíðina og hækka jafnvel skatta á þá tekjuhærrí,“ segir hún.

- ghs

**Alzheimer greint í 100 ár**

**Hátíðardagskrá**

Grand Hôtel Reykjavík  
Sunnudaginn 17. sept. kl 13:00.

Heiðursgestur er **Barbara Pointon** en myndin "Malcolm and Barbara: A Love Story" var gerð um hana og Malcolm mann hennar. Frami beggja við Cambridge háskóla var vaxandi þegar sjúkdómurinn lagðist á Malcolm 51 árs að aldri og breytti lífi þeirra.

Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis.

Félag áhugaþórla og aðstandenda Alzheimerssjúkra og annarra skyldra sjúkdóma

[www.alzheimer.is](http://www.alzheimer.is)

Niðurstöður eftir viðræður á flokksfundi í Norðvesturkjördæmi:

## Jóhann lætur af þingmennsku

JÓHANN  
ÁRSÆLSSON

**STJÓRNMÁL** Jóhann Ársælsson, fyrsti þingmaður Samfylkingar í Norðvesturkjördæmi, tilkynnti í gær að hann hygðist ekki gefa kost á sér til áframhaldandi bingsetu. Jóhann sagði í samtali við Fréttablaðið að sér fyndist tímabært að söðla um.

„Stjórnmál verða mér þó áfram hugleikin,“ sagði hann af því tiltefni. „Naðsta verkefni hjá mér verður að fella númerandi ríkisstjórn, maður hugsar vart um annað, og svo alþingisstörfin í vetrur,“ segir hann. Jóhann tilkynnti um ákvörðun sína á flokksfundi Samfylkingarinnar í gerdag.

Guðmundur Haukur Sigurðsson, gjaldkeri Samfylkingarinnar í Norðvesturkjördæmi, sagði að flokksfundurinn hefði gengið vel. „Reitt var hvaða kostur væri fýsilegastur við uppstillingu á lista en þrír komu til greina, það er póstkosning meðal flokksfélaga, opið prófkjör eða að listinn yrði valinn á kjördæmisþingi,“ sagði hann. „Próf-

kjör á meðal flokksmanna og þeirra sem undirrita stuðningsyfirlýsingu við flokkinum var loks valið.“

Að sögn Guðmundar er frambóðsrestur í prófkjörið til 30. september. „Á þinginu lýstu eftir taldir flokksmenn yfir áhuga á frambóði,“ segir hann. „Sveinn Kristinsson á Akranesi í 1. sæti, Anna Kristín Gunnarsdóttir á Sauðárkróki í 1. og 2. sæti, Guðbjartur Hannesson á Akranesi í 1. og 2. sæti, Sigurður Pétursson á Ísafirði í 1.-4. sæti, Bryndís Friðgeirs dóttir á Ísafirði í 1.-3. sæti og Ragnhildur Sigurðardóttir frá Snæfellsbæ í 3. sæti.“ - re

Löggreglan í Hafnarfirði:

## Handtók menn með fíkniefni

**LÖGREGLUMÁL** Löggreglan í Hafnarfirði handtók þrjá menn snemma að föstudag eftir að þýfi fannst í bifreið þeirra í miðbæ Hafnarfirðar.

Við nánari skoðun fundust um fimmtíu grömm af hreinu amfetamini auk blöndunarefna og poka sem grunur leikur á að þeir verði ætlaðir fyrir efni sem síðar átti að selja.

Mennirnir prír, sem allir eru um og yfir tvítugu, hafa áður komið við sögu löggreglu.

Þluta þýfsins, meðal annars fartölvu og verkfæri, var hægt að rekja til innbrots í Reykjavík. - mh

## Iðrast sárlega að hafa móðgað múslima

Benedikt XVI páfi iðrast þess að hafa móðgað múslima í ræðu sinni. Ummaeli hans um Múhameð spámann hafa vakið hörd viðbrögð múslima um allan heim. Hvetja sumir múslima til að elta páfa uppi og drepa hann fyrir orð sín.

**VATÍKANÍÐ.** AP Benedikt XVI páfi iðrast þess sárlega að hafa móðgað múslima í ræðu sinni sem hann hélt í Pýskalandi á dögnum. Orðum hans hafi ekki verið ætlað að særa neinn og hann virði alla þa sem aðhylla íslam. Petta kemur fram í yfirlysingu frá Vatíkaninu.

Mikil reiði er meðal múslima um allan heim vegna ummæla páfa um Múhameð spámann í ræðu sinni. Mögulega verður hætt við fyrirhugaða ferð hans til Tyrklands, en meirihluti Tyrkja eru múslimar.

Ræðuna hélt Benedikt páfi í þýskum háskóla á þriðjudag. Orðin sem komu látnum af stað voru tilvitnun í Manual II, kristinn keisara sem ríkti yfir býzantska keisaraveldinu á fjórðantu öld, um að einu nýjungarnar sem Múhameð hefði fært heiminum væru ill ska og miskunnarleysi.

Orðin vöktu hörd viðbrögð meðal múslima um allan heim. Leiðtoga hins íslamska heims hafa fordæmt orð páfa og krafist þess að hann biðjist afsökunar. Abubukar Hassan Malin, áhrifamikill klérkur í Sómalíu, hefur gengið svo langt að hvetja múslima til að elta páfa uppi og drepa hann fyrir ummæli sín.

EKKI ER LANG SÍÐAN SAUÐ UPP ÚR MEÐAL MÚSLIMA UM ALLAN HEIM VEGNA SKOPMYNDNA AF MÚHAMEÐ SPÁMANNI SEM BIRTUST Í DÖNSKU DAGBLAÐI. ÓTTAST MARGIR AÐ MÓTMÆLIN VERÐI OFBELDISFYLRI OG FARI AÐ SVIPA TIL ÞEIRR SEM URÐU Í KJÖLFAR BIRTINGAR SKOPMYNDNA AF MÚHAMEÐ Í DÖNSKU DAGBLAÐI.

aðfaranótt laugardags. Samtökum sem lýst hafa árásinni á hendur sér segir hana hafa verið gerða til að mótmæla orðum Benedikts páfa.

Viðbrögð múslima við



**ORÐUM PÁFA MÓTMÆLT** Múslimar um heim allan hafa mótmælt ummælum páfa um Múhameð spámann. Óttast margir að mótmælin verði ofbeldisfyllri og fari að svipa til þeirra sem urðu í kjölfar birtingar skopmynda af Múhameð í dönsku dagblaði.


fyrsta sem páfi fer til mótmælskar þjóðar, en vegna láttanna er ekki víst að af henni verði.

Forsætisráðherra Tyrklands sagði ræðu páfa hafa verið ljóta og að honum bæri að draga ummæli sín til baka. Hann hefði talað eins og stjórnálamaður en ekki trúarleiðtogi.

salvar@frettabladid.is

## VEDURSPÁ

um hádegi »



» á morgun

Allhöss norðaustæg átt á Vestfjörðum annars yfleit hæg suðlaeg átt.

» þriðjudagur

Fremur stífl norðaustan átt.

\* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



Við óskum Íslandsmeisturum FH  
til hamingju með glæsilegan sigur  
í Landsbankadeild karla 2006.





Keyrir þú alltaf á löglegum hraða?

Já	34%
Nei	66%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætlar þú að taka á móti Magna Ásgeirssyni í Smáralind?

Segdu skoðun þína á visir.is

visir

## Vilnius

í október  
frá kr. 24.990

Beint flug

4. okt.-15. sæti laus 8. okt.-laus sæti 11. okt.-18. sæti laus

Ein fegursta borg Evrópu

Terra Nova býður beint flug til Vilnius í Litháen í október. Vilnius er ein fegursta borg Evrópu, þar sem rómantsk stemmning liðinna tíma hefur varðveist og einstakt er að njóta dulúðar fyrri alda. Borgin býður allt sem ferðafólk leitar eftir í borgarferð; fagrar byggingar, litríkt mannlíf og menningu, glæsilega gistiði og verslanir í úrvali. Góð hótél í hjarta Vilnius og spennandi kynnisferðir í boði.

**Kr. 24.990**

Flugsæti báðar leiðir með sköttum, m.v. 2 fyrir 1 tilboð, út 8. og heim 11. október. Netverð á mann.

**Kr. 35.144**

Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi 8. okt. í 3 nætur á Hotel Europa City með morgunmat.



Skógarhlíð 10 - 105 Reykjavík - sími 591 9000  
Akureyri - sími 461 1099 • Hafnarfjörður - sími 510 9500  
[www.terranova.is](http://www.terranova.is)

## Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni



Notaðu mest lesna\* blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina

Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband í síma 5505844 | orn.geirsson@365.is

Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Einblöðungar - bæklingar - blöð - umslög

FRÉTTABLAÐIÐ

- Vel lesið

\*Gallup maí 2006

FRÉTTABLAÐIÐ

- Vel lesið

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**

Kosið um umferðarteppugjald í Stokkhólmi samhliða þingkosningum:

## Dregur úr teppu og mengun

**SVÍPJÓÐ** Samhliða þingkosningum sem fram fara í Svíþjóð í dag kjósa Stokkhólmsbúar um það hvort þeir styðji áform um að taka varanlega upp gjaldheimtu af bílaumferð um miðborgina á álagstínum, en tilraunir hafa verið gerðar með slika gjaldtökum frí því í fyrra.

Vinstriflokarnir hafa beitt sér fyrir gjaldheimtunni en kosningabandalag borgaralegu flokksanna hefur mælt með því að til-lagan verði felld. Skiptar skoðanir eru innan flokkanna um málið, en samkvæmt skoðana-könnunum styður öruggur meiri-hluti kjósenda í sánsku höfuð-



GABRIEL ROMANUS  
Þingmaður frá Stokkhólmi fyrir Bjóðarflokkinn sánska.

borginni gjaldheimtuna. Gabriel Romanus, þingmaður Bjóðarflokksins, er einn þeirra sem hefur beitt sér fyrir sambykkt gjaldheimtunnar, eða „teppu-skattins“ eins og hún er kölluð. Í

samtali við Fréttablaðið segir hann flokksfélaga sína, sem eru á öndverðum meiði við hann í þessu máli, vera á pólitískum villigötum.

„Plássið á götunum er tak-mörkuð gæði og sósíalíska aðferðin við meðferð takmarkaðra gæða er jú lágt verð og langar biðraðir meðan frjálslynda aðferðin er að laga verðið að eftirspurninni svo að maður hafi áhrif á eftirspurnina. Nú snýr þetta þannig að sósíalíska flokkarnir standa fyrir frjálslyndu aðferðina en borgaralegu flokkarnir fyrir sósíalísku aðferðina, sem mér finnst alveg öfugsnúið,“ segir Romanus. - aa

Strætosamgöngur í Árbænum:

## Hraðleið hefst á ný á álagstínum

**SAMGÖNGUR** Hraðleið Strætó í Árbæjarhverfi hefur akstur í næstu viku. Til að byrja með verður aðeins ekki á álagstínum. Þetta kynti Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri á fundi hverfisráðs Árbæjar í gær. Hann sagði ekki útlokað að frekari leiðrétingar á þjónustunni í hverfinu kæmu til að lokinni úttekt að rekstri Strætó bs.

Dagur B. Eggertsson, fulltrúi Samfylkingarinnar í hverfisráðinu, sagði áfangasigur fyrir baráttu íbúa í Árbæjarhverfi að horfið yrði frá þeirri ákvörðun að leggja af hraðleiðina sem tengdi hverfisráði við flesta stærstu vinnustaði landsins.

- sþs

# Hálfrar aldar afmæli hverfiskaupmannsins

Verslunin Kjötborg hélt upp á fimmtíu ára afmæli á laugardaginn. Hún er ein af fáum hverfisverslunum sem ekki hafa þurft að víkja fyrir stórmörkuðum.

**AFMÆLI** Verslunin Kjötborg, eitt af síðustu vígum kaupmannsins á hornini, fagnaði fimmtíu ára afmæli sínu á laugardaginn. Margmenni var í veislum sem haldin var í tilefni dagsins.

Stóri svíði hafði verið komið upp þar sem gestir söfnudust saman og börðu augum hvern skemmtikraftinn á eftir öðrum. Þeir léku ýmist tónlist, fluttu ljóð eða héldu ræður við góðar undirtektir. Listamennir voru flestir viðskiptavinir Kjötborgar og kusu því að gefa vinnu sína.

Við hlið búðarinnar stóð tjald þar sem spákonur skyggndist inn í framtíð fullorðinna, en börnum gafst kostur að reyna alls kyns skemmtileg leiktaeki á meðan. Viðstöddum var síðan boðið upp á pylsur og aðrar veitingar í boði Kjötborgar.

Ljóst var af þeim mikla mann-fjöldum sem mættur var til leiks að rekstraraðilar Kjötborgar, brað-urnir Gunnar Halldór og Kristján Aðalbjörn Jónassynir, hafa skapað sér töluverða góðvild á þeim tuttugu og fimm árum sem þeir hafa staðið á bak við búðarborðið og afgreitt viðskiptavini, en faðir þeirra og aðráku verslunina áður.

EKKI GETUR BAÐ TALIST AÐ ÁSTÆÐULAUSSU EF MARKA MÁ ÞEIR ÁNÆGJURRADDIR SEM HEYRÐUST, Því FLESTUM BAR SAMAN UM HVERSU GÓÐA ÞJÓNSTU VÆRI AÐ FÁ Í BÚÐINN. FLESTIR NEFNUÐU LIPURÐ Í MANNLEGUM SAMSKEPNUM SEM ÆTTI SÉR ENGAN SÍNN LÍKA Á ÍSLANDI OG VÆRI Því MIÐUR HVERFANDI MEÐ TILKOMU STÓRMARKAÐANNA.

Sjálfir vildu þeir Gunnar og Kristján sem minnsta úr þessum gull-hömrum gera, enda þekktir fyrir að vera hógværðin uppmáluð. „Við höfum alltaf haft það að leiðarljósi að setja kúnann í öndvegi,“ sagði Gunnar í því samhengi. Þeir braður fóru þó ekki leynt með ánægjuna sem hlaust af því að sjá hversu margir voru mættir til að samfagna með þeim, á þessum merkisdegi í sögu litlu verslunarinnar á horni Ásvallagotu 19. roald@frettabladid.is



**FASTIR KÚNNAR** Vinkonurnar Bryndís Beatrice Aðalsteinsson og Stefánia Ósk Júlíusdóttir hafa aldrei kynnt annarri eins þjónustu og í Kjötborg og segja kaupmennina ekki setja það fyrir sig að skjóta til þeirra með eina hunangsdós.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA



**SKEMMTUN** Þessar stelpur voru mættar til að sjá hvað væri um að vera og þeim fannst ekki leiðinlegt að prófa leiktaekin.



**SPÁÐ Í SPILIN** Spámiðillinn og sjáandinn Sigríður Einarðóttir spáði fyrir gestum og gangandi. Hún verslar í Kjötborg þar sem henni finnst þjónustan með eindænum góðum.



**AFMÆLISBÖRNIN** Hér sjást kaupmennirnir í Kjötborg, Gunnar og Kristján, fagna afmæli verslunarinnar með verðlaunapenninga um hálsinn. Þeir segja galduðinn við góða þjónustu vera að setja viðskiptavininn alltaf í öndvegi.

Faðir Hlynss Smára Sigurðssonar kveðst ekki hafa sent 2,5 milljónir til Brasilíu: Fékk 200 þúsund frá vini

**DÓMSMÁL** Sigurður Þorvaldsson, faðir Hlynss Smára Sigurðssonar sem situr í brasílsku fangelsi fyrir tilraun til fílknefna myglis, vinnur að því hörðum höndum að fá hann lausan. Utanríkisráðuneytið er einnig að vinna í mál-inu að sögn Sigurðar. Hann segir rangt að fjölskyldan hafi greitt tvær og hálfa milljón til þess að fá Hlyn lausan, en fréttir þess efnis birtist í DV á föstudag. Sigurður neitar bó ekki að upphæðin hafi verið greidd.

„Ég er í sambandi við drenginn minn eins oft og mikið og ég

get og tel mig bara heppinn að geta verið það, þó það sé ekki nema um símasamband að ræða.“ Sigurður telur að Hlynur beri sig vel miðað við aðstæður. Þá segir hann að Hlynur hafi loksins komið á spítala til að fá aðhlynningu við fingurmeiðslum sem hann varð fyrir þegar ráðist var á hann nýverið. „Það þurfti að brjóta upp á honum höndina vegna þeirra misbyrminga sem hann varð fyrir þarna. Það var lagfært á spítala og hann borgaði fyrir það.“

Ad sögn Sigurðar var það

mikil bragabót fyrir Hlyn að vera laus undan áníðslu hóps fyrrum samfanga sem nýlega voru fluttir í annað fangelsi. „Þeir litu á hann sem utangarðsmann bara vegna þess að hann er hvítur.“

Vinur Hlynss sem Fréttablaðið ræddi sagðist hafa talað við hann á fimmtudagskvöldið en sagði Hlyn ekkert hafa minnst að að áðurnefnd upphæð hefði verið reidd af hendi. Vinurinn segist sjálfur hafa sent Hlyn 200.000 krónur nýlega til að hjálpa honum með helstu nauðsynjar.

- þsj

# Fjölbreytt nám

Námskeið við allra hæfi  
að hefjast

## á haustönn

### Tölvu- og bókhaldsnám

Stutt og hnitið 200 stunda námsbraut sem skilar strax árangri. Nám á þessari braut hentar fólk á öllum aldri sem vill styrkja stöðu sína enn frekar á vinnumarkaði með aukinni menntun. Hentar einnig vel sjálftæðum atvinnurekendum sem vilja vera sem mest sjálfbjarga í allri tölvuvinnu og við bókhaldið.

Að námi loknu eiga nemendur að vera færir um að sinna flestum skrifstofustörfum sem ritarar og öflugir tölvunotendur og sem fulltrúar og bókarar í bókhaldsdeildum stærri fyrirtækja. Kennd er ein námsgrein í senn sem lýkur með prófi eða verkefni, tölvugreinunum lýkur flestum með alþjóðlegri prófgráðu.

#### Tölvugreinar

- Windows XP tölvugrunnur og skjalavarsla
- Word
- Excel
- PowerPoint kynningar, glærur og skjásýningar
- Myndvinnsla, stafrænar myndir og brennsla CD og DVD
- Internet, öryggi á Netinu og spjallrásir
- Outlook tölvupóstur, dagbók og skipulag

#### Bókhald

- Verslunarrekningur
- Virðisaukaskattur, reglur og skýrslur
- Bókhaldsgrunnur og handfært bókhald
- Tölvubókhald í Navision

Kennsla hefst í Reykjavík 21. september og lýkur 16. desember.

#### Morgunnámskeið:

Priðjudaga, fimmtudag og föstudag kl 8.30 - 12.

#### Kvöldnámskeið:

Priðjudaga og fimmtudaga kl. 18 - 21.30 og laugardaga frá 9 - 12.30.

Lengd: 200 std. - Námið er metið til eininga.

Verð: 153.000,- Allar kennslubækur og námsgögn innifalið.

Boðið er upp á VISA eða EURO raðgreiðslur til allt að 36 mánaða. Við útvegum einnig námslán, en þá þarf að útvega einn ábyrgðarmann.

### ECDL tölvunám

Þetta viðamikla tölvunámskeið hentar fólk á öllum aldri sem vill fá ítarlega þekkingu og þjálfun í öllum helstu tölvugreinunum og alþjóðlega vottun því til staðfestingar.

ECDL skammstöfunin stendur fyrir European Computer Driving Licence sem er alþjóðlegt prófskírteini útgefið af Skyrslutæknifélagi Íslands.

#### Kennslugreinar:

- Grunnatriði upplýsingatækninnar
- Windows tölvugrunnur
- Word ritvinnslu
- Excel töflureiknir
- Internet og tölvupóstur
- Gagnasafnsgerð í Access
- Power Point



Kennsla hefst í Reykjavík 21. september og lýkur 3. nóvember.

#### Morgunnámskeið:

Priðjudaga, fimmtudaga og föstudaga kl 8.30 - 12.

#### Kvöldnámskeið:

Priðjudaga og fimmtudaga kl. 18 - 21.30 og laugardaga frá 9 - 12.30.

Lengd: 100 std. - Námið er metið til eininga.

Verð kr. 75.000,- Allt kennsluefnir innifalið.



Sóley Rut Ísleifsdóttir,  
þjónustufulltrúi hjá VÍS.

„Ég fékk mjög gott starf á frábærum vinnustað. Tölvunámið hjálpaði mér að öðlast það sjálfstraust sem þurfti til að sækja um nýtt og krefjandi starf. Það er aldrei of seint að byrja að læra eitthvað nýtt. Fyrir mig var þetta góð fjárfesting og frábær tími í góðum félagsskap í skemmtilegum og krefjandi skóla.“

### Tollskýrslugerð

Hagnýtt og ítarlegt námskeið í gerð tollskýrslna, um meðferð allra innflutningsskjala og allar helstu reglur er varða innflutning. Á námskeiðinu er notað nýtt sérútbúið kennsluefnir, kennslubók og ítarefni. Einnig er kennt að nota forrit í tollskýrslugerð í Navision frá Maritech.

Að námskeiði loknu eiga þáttakendur að geta:

- Pekkt fylgiskjöl með vörusendingum og hvaða tilgangi þau þjóna
- Gert tollskýrslur og reiknað út aðflutningsgjöld
- Notað tollskrána til að tollflokkar vörur
- Haft grunnskilning á fríverslunarsamningum og gildi þeirra
- Pekkt helstu reglur varðandi innflutning, innflutningstakmarkanir og undanþágur

Lengd: 21 std. Hefst í Reykjavík 26. september og lýkur 5. október.

#### Morgunnámskeið:

Priðjudaga og fimmtudaga kl. 8.30 - 12.

#### Kvöldnámskeið:

Priðjudaga og fimmtudaga kl. 18 - 21.30  
Sjá standaskrá [www.tsk.is](http://www.tsk.is) Verð kr. 28.000,- Allt kennslu- og ítarefni innifalið.

### Grafisk hönnun

Vinsælt og sérlega hagnýtt nám ætlað þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í grafískri vinnslu eða fólk sem vill skapa sér forskot í frekara hönnunarnámi t.d. á háskólastigi. Þetta nám hentar einnig þeim sem vilja hanna sínar auglysingar sjálfir.

Á þessu námskeiði eru tekin fyrir þrjú mest notuðu hönnunarforritin í dag: Photoshop, Illustrator og InDesign.

Einnig læra þáttakendur að ganga frá verkefnum sínum í Acrobat Distiller (PDF)

Námskeiðið felst í því að kynna nemendum virkni og uppbyggingu forritanna, og að nýta möguleika þeirra til sjálftæðra vinnubragða. Kennsla byggir á fyrillestrum og verklegum æfingum og fá þáttakendur hagnýt verkefni í tengslum við innihald náms.

Lengd: 105 std. - Námið er metið til eininga.

**Akureyri:** Kennsla hefst 25. okt. og lýkur 18. nóv. Kennt er mánudaga og miðvikudaga kl. 17 - 22.

**Reykjavík:** Næsta námskeið hefst 31. október.

Verð kr. 116.000,- stgr. - Námið er metið til eininga.  
Allt kennsluefnir innifalið.

### Önnur námskeið að hefjast

#### Photoshop ljósmyndun

30 std. Verð kr. 29.000,- Kvöldnámskeið hefst 3. október á Akureyri.

#### Stafrænar myndavélar

14 std. Verð kr. 15.000,- Kvöldnámskeið hefst 21. september á Akureyri.


#### Excel

21 std. Verð kr. 19.000,- Næstu námskeið hefjast 22. september á Akureyri og í Reykjavík. Kvöld- og morgunnámskeið.



TÖLVUSKÓLINN  
PEKKING

FAXAFEN 10 | GLERÁRGATA 36 | WWW.TSK.IS | SÍMI: 544 2210  
108 REYKJAVÍK | 600 AKUREYRI | SKOLI@TSK.IS



1. Hvaðan er tónlistarmaðurinn Nick Cave?
2. Ný íslensk kvikmynd var frumsýnd á dögumnum, hvað heitir hún?
3. Í hvaða skóla kvíknaði í fyrradag?

SVÖRIN ERU Á BL. 38

Fundur Samtaka hlutlausra ríkja á Kúbu:

## Fidel Castro í veikindafríi

**HAVANA, AP** Fidel Castro hefur ekki mætt til fundar við 117 aðra þjóðarleiðtoga í Samtökum hlutlausra ríkja, sem fram fer í Havana um þessar mundir. Læknar munu hafa bannað honum þáttöku.

Fundarstjórn hefur því fallið í skaut Raúls Castro, en Hugo Chávez, forseta Venesúela, hefur hins vegar tekist að stela senunni og lifga upp á annars tíðindalítinn fund. Á aukafundi fimmtíðan stærstu prúnarríkja samtakanna hét hann Mahmoud Ahmadinejad, forseta Írans, stuðningi ef Bandaríkin réðust inn í Íran. Chávez útlistaði ekki nánar í hverju þessi stuðningur væri fólginn, en hann

hefur við annað tækifæri hótað að loka fyrir olíusölu til Bandaríkjanna ef þau geri innrás í Kúbu.

Á fundinum sitja fulltrúar 118 ríkja, eða þriðjungs ríkja heims. Kofi Annan er áheyrnarfulltrúi á fundinum og lofaði hann samtökum sem stofnuð voru árið 1961, sem mótvægi við NATO og Varsjárbandalagið. Annan sagði hlutverk samtakanna mikilvægara nú en nokkru sinni fyrr. Hlutverk samtakanna hefur reyndar verið nokkuð á reiki síðustu ár, en samstæða hefur myndast um að samtökum taki á nokkrum helstu málefnum prúnarríkja, til dæmis heilbrigðismálum og alþjóðavæðingu. Frá



**KOFI ANNAN HEILSAR RAÚL CASTRO**  
Raúl hefur verið í hlutverki gestgjafa á fundinum, en fallið í skuggann af Hugo Chávez, forseta Venesúela. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

yfirstandandi fundi hefur þó mest heyrst af gagnrýni á Bandaríkin.

- kóþ

Umferðaröryggisáætlun:  
**Ökunemar æfi sig í ökugerði**

**UMFERÐARÖRYGGI** Öllum ökunemum verður skylt að verða sér úti um reynslu í ökugerði frá ársbyrjun 2008. Þetta er lagt til í drögum að reglugerð um ökugerði sem er í undirbúningi hjá samgönguráðuneytinu. Reglugerðin er í tengslum við umferðaröryggisáætlun ráðuneytisins.

Með ökugerði er átt við æfingasvæði vegna ökukennslu. Þar eiga ökunemar að geta þjálfað hæfni sína við ólíkar aðstæður.

Í tillögunni er einnig gert ráð fyrir námskeiðshaldi fyrir ökukennara vegna kennslu í ökugerði.

- sdg

ARGUS / 06-0472



## 10% vaxtaauki!

Þeir sem stofna sparnaðarreikningana **SPRON Vaxtabót** eða **SPRON Viðbót** á Netinu **fyrir 24. september næstkomandi** fá 10% vaxtaauka á áunna vexti um áramótin.

 **spron**

Nýttu þér þetta **TILBOD** og stofnaðu reikning á spron.is

**150.000 KR.  
GJAFABRÉF**

Enn frekari ávinnungur  
stendur einum nýjum reikningseiganda  
til böða:  
Ferðavinnungur frá Heimsferðum,  
gjafabréf að andvirið 150.000 kr.



**HREFNA** Japansmarkaður hefur verið svetur af hrefnukjöti og kilóverðið er því mjög hátt. Aukið frambod og áatak í dreifingu og sölu er talið bylta markaðnum. Í því felast tækifæri fyrir Íslendinga að sögn kunnugra.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRDUR

## Hrefnukjötið dýrara í Japan

Japanar vilja íslenskt hrefnukjöt en í Japan er kjötið munaðarvara. Japónsk sendinefnd var nýverið hér á landi til að afla viðskiptasambanda.

**SJÁVARÚTVEGUR** Hrefnukjöt á Japansmarkaði er tón til tuttugu sinnum dýrara en á Íslandi í smásolu. Japanar reyna að greiða kostnað við ví�indaveiðar sínar með sölu afurða sem orsakar gifurlega hátt verð. Sölu hrefnukjóts hefur á undanförnum árum verið sinnt af einu fyrirtæki sem skammtar kjötinn á markaðinn til að halda verðinu sem hæst. Aðrir dreifingaraðilar hyggja nú á sölu hrefnukjóts og hafa þeir þegar heimsótt Ísland til að stofna til viðskiptasambanda.

Jón Gunnarsson, formaður Sjávarnytja, telur að hægt sé að hefja sölu á hvalafurðum á Japansmarkaði strax á þessu ári en leyfi til veiða fæst á haustmánuðum. Markaðurinn sé stór og ekkert í alþjóðalögum komi í veg fyrir að hefja viðskipti. Aðspurður um upplýsingar frá yfirvöldum og samtökum hvalveiðimanna í Japan, um að offramboð sé á Japansmarkaði og að erfitt sé að selja kjötið, svarar Jón: „Eitt fyrirtæki heldur utan um um dreifinguna og skammtar kjötið inn á markaðinn. Vegna þessa geta verslanir og veitingahús ekki freyst því að markaðurinn er ótryggur og verð er eins gifurlega hátt og raun ber vitni.“ Jón segir að kíló af sérvöldu kjöti

seljist á fimm til átta þúsund íslenskar krónur á fiskmörkuðum og sé þrisvar sinnum dýrara í verslunum. „Nú er búið að stofna annað söluþyrirtæki sem ætlar að sinna sölu á þessum afurðum sem breytir öllu á markaðnum.“ Jón nefnir að japónsk sendinefnd, sem var hérleidis á dögumnum að afla sér viðskiptasambanda, segi að hvalkjöt í Japan hafi lækkad um tuttugu prósent í verði að undanförnu vegna aukins framböðs og salan hafi strax aukist um 50 prósent. Til samanburðar telur Gunnar Bergmann, framkvæmdastjóri Félags hrefnuveiðimanna, að 2.000 krónur fáið fyrir kíló að hrefnukjötí á Japansmarkaði verði hrefnuveiðar í atvinnuskyni arðbærar.

Arni Finnsson hjá Náttúruberndarsamtökum Íslands telur Japansmarkað í raun lokaðan. „Japanskri markaðurinn fyrir hvalkjöt er mettur eftir að hvalveiðar í ví�indaskyni voru stóraunknar og því lfslegt að söluðilar par í landi leggist gegn innflutningi frá Íslandi. Ekki síst í ljósí pess að Norðmenn munu ganga á lagið. Árni minnir að Norðmenn hafi lengi reynt að opna japanska markaðinn án nokkurs árangurs.

svavar@frettabladid.is

FORSTOFAN 2006 / Mynd: Halla Söleyg Þorgerðottir

# Frábaert Fiskíri

**Helgina 15.-17. september**

Velkomin á sjávarréttahátiðina **Fiskíri** á 80 veitingastöðum um land allt. Komið og njótið gómsætra fisk- og sjávarréttu í stórkostlegri sjávarfangsveislu. Kíktu á [www.fiskiri.is](http://www.fiskiri.is)



**HENRA**

FOLKSÍILA, JEPPA, ATVINNUKERRUR - HESTA VÉLA OG STURTUVÄGNAR  
3JA ÁRA ÁBYRGÐ Á ÖLLUM KERRUM OG VÖGNUM  
**SÖLUSÝNING UM HELGINA**  
LAUGARD. 16. OG SUNNUD. 17. sept. FRÁ KL 10:00 TIL 18:00  
AD VESTURVÖR 34, KÓPAVOGI  
Henra trailercenter, upplýsingar í síma 861-7177,  
[henra@henra.is](mailto:henra@henra.is)

# Ítalskir dagar

Úrval af  
pastavörum

frábær stemmning



**50%**  
afsláttur við kassa

Campagna pastavörur



Frábært  
verð

**95**  
kr.stk.

Campagna Pestó rauðt/grænt



bragðgóðar

**98**  
kr.stk.

Campagna Pastasósur



Frábært  
ímatargerð

**249**  
kr.stk.

Campagna Extra Virgin ólívíulía



verðlækkun

**39**  
kr.pk.

Campagna Spaghetti 500.gr



ódýrt

**29**  
kr.pk.

Campagna Makkarónur 500.gr

allt í matinn á einum stað

[www.netto.is](http://www.netto.is) • Verð birt með fyrirvara um prentvillur

Gildistími frá 16. september til 17. september eða á meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

nettó

Velheppnuð hlutafjárútboð Exista og Marel:

## Almenningur og hlutabréf

HAFLIDI HELGASON SKRIFAR

**S**ala hlutafjár Exista og skráning þess félags og sala hlutafjár í Marel heppnaðist einstaklega vel. Bæði þessi félög stóðu vel að sölunni og vönduðu í hvívetna upplýsingaþjöf sína til fjárfesta. Sérstaklega var ánægjulegt að sjá hversu stór hópur almennra fjárfesta tók þátt í kaupumum. Eftirspurnin var margföld.

Íslenskur hlutabréfamarkaður hefur þróast vel þau fimmtíðar sem liðin eru frá því að alvöru viðskipti hófust með hlutabréf. Margt hefur hjálpast þar að. Styrkur íslenskra lífeyrissjóða hefur skipt miklu fyrir fyrirtækjum á markaði, en ekki síður skipti máli í upphafi að almenningur var áhugasamur um þá möguleika sem þessi áhugaverði fjárfestingakostur bauð upp á.

Astaða þess var ekki síst skattaskammturinn svokallaði sem heimilaði skattafrádrátt af kaupum á hlutabréfum upp að tiltekinni fjárhæð. Niðurstaða þessa var mun meiri þátttaka almennings á hlutabréfamarkaði en ella hefði orðið. Afleiðing þess er sú að þúsundir Íslendinga hafa notið þeirrar verulegu verðmætaauknningar sem orðið hefur í íslensku viðskiptalífi. Verðmætaauknningar sem aldrei hefði orðið ef hagkerfið hefði ekki opnast og ríkið dregið úr afskiptum sínum af atvinnulífinu. Auk þessa beina hagsauka vegna hlutafjáregnar almennings hefur uppgangurinn skilað sér í góðri ávöxtun lífeyrissjóða sem þýðir hærri framtíðartekjur þorra launafólks í framtíðinni.

**Afleiðing þess er sú að þúsundir Íslendinga hafa notið þeirrar verulegu verðmætaauknningar sem orðið hefur í íslensku viðskiptalífi. Verðmætaauknningar sem aldrei hefði orðið ef hagkerfið hefði ekki opnast og ríkið dregið úr afskiptum sínum af atvinnulífinu.**

Það er vert að hafa þennan árangur í huga þegar tilhneigingar gætir mitt í allri velsældinni að málum skrattann á vegginn og krefjast regluverks yfir atvinnulífið sem ekki á sér hliðstæðu í nágrannalöndunum. Þegar slíkar kröfur koma frá þeim sem gefa sig út fyrir borgaralegt frjálslyndi, þá er erfitt að verjast þeirri hugsun að eitthvað annað trufli sýnina á þróun viðskiptalífsins.

Þátttaka almennings á hlutabréfamarkaði er mikilvæg fyrir margra hluta sakir. Fyrst ber að líta til þess að ávöxtun hlutabréfa er að jafnaði meiri en annarra fjárfestingakosta, þegar litioð er yfir lengra tímabil, enda þótt ávöxtunin geti sveiflast verulega og verið neikvæð á tímabilum. Fjarvera fólkis frá hlutabréfamarkaði sviptr það möguleika á betri ávöxtun sparnaðar. Vera almennings á hlutabréfamarkaði er einnig aðhald fyrir stærstu eigendur og stjórnendur og skerpri því á kröfum um vandaða og góða viðskiptahætti. Áviningur velgengni fyrirtækja dreifist með mikilli þátttöku á mun fleiri og verður til þess að síður myndast gap milli fólkis, fyrirtækja og leiðandi kaupsýslumanna.

Niðurstaða í útboði Exista og Marel gefur ágæt fyrirheit um vaxandi áhuga almennings á hlutabréfamarkaði. Hins vegar er umhugsunarefini hvort ekki séu til leiðir til að örva slíkan áhuga frekar með einhvers konar ívílnun eða beinum hagsauka líkt og gert var með skattafslættinum hér á órum áður.

### FRÉTTABLAÐID

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson ADSTODARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Andís Þorgeirsdóttir, Sigrún Björk Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvín Guðmundsson Fréttablaðið kemur út í 103 000 eintökum og er dreift ókeypis á heimilum á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þeitbylissvæðum á suðvesturhornini. Einnig er haegt að blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efnin bláðsins í stafrænu formi og í gagnabónum án endurgjalds.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Ríðandi ráðherra

Réttarð var í Hreppunum á Suðurlandi á föstudaginn, það er í Hrunarétt í Hrunamannahreppi og Skaftholtsrétt í Gnúpverjahreppi. Fjöldi fólkis var mættur og glatt á hjalla eins og von og vísa er þegar Sunnlendingar koma saman. Þingmenn láta sig ekki vanta á slíkar samkomur. Sjálfur fjármálaráðherra, Árni M. Mathiesen, var einn þeirra og mætti með hestakerru í eftirdragi. Í henni voru tveir hestar og ætladi ráðherrann og dýralæknirinn að riða með heimamönnum heim á leið. Þessi verðandi þingmaður Sunnlendinga ætlar að vera duglegur við að ræktu tengslin við kjósendar.

#### Orðaleikir

„Framtíð Hreins Lofts er í þínum höndum,“ segir í auglýsingu með mynd af rauðhærðum pilti frá umhverfissviði Reykjavíkurborgar. Gísli Marteinn Baldursson er formaður svíðsins og því kemur þessi orðaleikur kannski ekki á óvart. Fyrir nokkrum árum gaf hann út Bók aldarinnar ásamt Ólafi Teiti Guðnasoni blaðamanni. Listi yfir skemmtilegustu nöfn aldarinnar var þar að finna ásamt fjölmörgu öðru; Kolbrún Mjöll, Andrés Örn og Leifur Arnar (í þolfalli) voru meðal nafna sem komust þar á blað.

#### Svarar BTB

Magnús Kristinsson svarar ásökunum Björgólfss Thors Björgólfssonar í Morgunblaðinu í dag. Virðist hann sá eini sem getur eða þorit að gagnýrna BTB, eins og hann kallað hann. Og brot-rekurst Þórðar Márs Jóhanessonar úr forstjórástóli Straums virðist enn hafa áhrif. Aðalsteinn Jónasson er hættur sem yfirmaður lögfræðisviðs Straums og Óttar Pálsson hæstaréttarlögmaður tekur við starfi hans á morgun. Sumir segja að Aðalsteinn hafi verið of nátengdur Þórði og þurft að víkja.

bjorgvin@frettabladid.is

## Virkjum kennarana



ILLUGI GUNNARSSON  
Í DAG | Grunnskólar og OECD

Á tímabili var ekki þverfótað hér á Íslandi fyrir kínverskum sendinefndum. Aftur og aftur komu hingað í heimsókn háttsettir kínverskir embættismenn með heilmikið lið með sér. Þegar maður las upplýsingablöðin frá kerfinu kom gjarnan fram að þessi eða hinn væri númer þetta eða hitt valdamesti maður Kína. Allt mjög spennandi og ótrúlega margir þeirra virtust einhverra hluta vegna vera menntaðir í landbúnaðarverkfæði; mér fannst alltaf að Guðni Ágústsson hefði átt að hitta þá sérstaklega. Eitthvað virðist fara minna fyrir heimsóknunum kínverskra ráðamanna undanfarið, en þeim mun meira sjáum við til skýrslugerðarmanna OECD hér á landi. Þegi held þó ekki að það sé samhengi þarna á milli. OECD var að skila skýrslu þar sem borin eru saman útgjöld ríkja til menntamála. Augljóst er að við Íslendingar eru markvisst að bæta okkur í menntamálinum en um leið sjáum við að enn er margt ógert.

Hjá OECD sést að við erum í allra fremstu röð þegar kemur að framlögm til grunnskólan. Það er því ekki óeðilegilegt að við gerum þá röð að hafa að skila skýrslu þar sem borin eru saman útgjöld ríkja til menntamála. Augljóst er að við Íslendingar eru markvisst að bæta okkur í menntamálinum en um leið sjáum við að enn er margt ógert.

Námsgögn eru augljóslega lykilþáttur alls skólastarfss. Hjá

